

**Mál nr. 117/2025**

**Nafn málskotsaðila (M)**

**Nafn varnaraðila (V)**

**Tegund vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.**

**Heiti vátryggingartaka (X)**

**Skaðabótaábyrgð. Sönnun.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 25. mars 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 25. apríl 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 5. maí 2025.

**Málsatvik.**

Í málskoti er atvikum lýst þannig að 10. janúar 2023 hafi M orðið fyrir slysi við vinnu sína í smiðju hjá X. Hafi hann starfað hjá X við suðu og málmvinnu frá 2019. Honum hafi hins vegar verið sagt upp störfum á meðan hann var óvinnufær í kjölfar slyssins. Í gögnum málsins er m.a. að finna læknisvottorð þar sem M er metinn óvinnufær í fleiri mánuði frá slysdegi. Þá liggur fyrir í málinu matsgerð þar sem varanlegur miski M vegna afleiðinga slyssins er metinn 2 stig.

M upplýsir að tildrög slyssins hafi verið þau að hann hafi verið við suðuvinnu þegar hann hafi tekið eftir því að samstarfsmaður hans hafi átt í erfiðleikum með að stafla málmstöngum saman á gólfi smiðjunnar. Fullyrðir M að vinnuaðstaðan umræddan dag hafi verið sérstaklega hættuleg vegna skorts á öryggisráðstöfunum, slæmrar verkstjórnar og óskipulagðra vinnuferla. Segir M að þar sem engin viðeigandi geymsluaðstaða hafi verið til staðar fyrir málmstangir hafi þeim verið staflað á gólfíð í stað þess að vera settar í örugga rekka. Á sama tíma og starfsmenn hafi verið að vinna sína vinnu hafi umræddar stangir jafnframt verið fluttar um vinnurýmið. M fullyrðir að þessi framkvæmd hafi skapað umtalsverða hættu fyrir starfsmenn. Þá segir M að þar sem flutningurinn á málmstöngunum í umrætt sinn hafi truflað hans vinnu hafi hann stoppað hana og farið að aðstoða vinnufélaga sinn sem hafi átt í erfiðleikum með að stafla málmstöngunum. Hafi þeir síðan hjálpast að við að stafla stöngum saman á gólfinu. Hafi samstarfsmaðurinn stjórnað taliukrana á meðan M hafi stýrt stöngunum á réttan stað. Slysið hafi síðan orðið með þeim hætti að stjórnandi kranans hafi skyndilega og án viðvörunar slakað um það bil 100 kg. málmstöng niður sem við það hafi fallið af miklum krafti á vinstri hendi M. Hafi hann í framhaldinu leitað á bráðamóttöku þar sem brot á miðhandarbeini vinstri handar M hafi verið staðfest. Hafi hann verið settur í gips.

M byggir á því að slysið megi reka til saknæmrar háttsemi samstarfsfélagans, þ.e. kranastjórnans, skorts á skipulagi, verkstjórn og öryggisráðstöfunum, allt atvik sem M telur að hefði mátt fyrirbyggja með réttum vinnubrögðum. Máli sínu til frekari stuðnings vísar M í 13. og 42. gr. laga nr. 46/1980 þar sem fram komi að atvinnurekanda beri að sjá til þess að vinnustaður sé þannig úr garði gerður að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta. Þá sé jafnframt tekið fram í 37. gr. sömu laga að haga skuli vinnu, meðferð á tækjum og framkvæmd þannig að gætt sé fyllsta öryggis, góðs aðbúnaðar og hollustuhátta. Jafnframt vísar M í reglur nr. 367/2006 um notkun tækja. Þessu til viðbótar bendir M á að samkvæmt 21. og 23. gr. framangreindra laga sé verkstjóri fulltrúi vinnuveitanda á vinnustað og beri ábyrgð á því að tryggja fullnægjandi aðbúnað hollustuhætti og öryggi innan þess starfssviðs sem hann stjórnar. Þá sé einnig tekið fram í 2. mgr. 23. gr. að verkstjóri skuli grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að koma í veg fyrir hættu á slysum, verði hann var við aðstæður sem geta leitt til slíkrar hættu, en ljóst sé að sú hafi verið raunin um þær aðstæður sem leiddu til slyss M. M tekur einnig fram að hann hafi aðstoðað samstarfsmann sinn þar sem hann taldi það vera hluta af þeim störfum sem honum bar að sinna sem starfmaður X og að slík aðstoð hefði ekki átt að fela í sér sérstaka hættu nema ranglega væri staðið að verki eins og raunin hafi verið um stjórnanda kranans.

Þessu til viðbótar er í málskoti bent á að í tilkynningum til Vinnueftirlitsins, dags. 16. janúar 2023, og SÍ, dags. 6. desember 2023, komi fram hvernig slysið hafi atvikast. X hafi því frá upphafi haft fulla vitneskju um atburðarásina. Kranastjórinn sem hafi stýrt verkinu hafi einnig haft fulla vitneskju um að M hafi verið að hjálpa honum. Þá sé ekkert í málinu sem bendi til þess að M hafi sjálfur valdið slysinu.

Þá er í bréfi frá lögmanni M til V, dags. 6. desember 2023, vísað til þess að slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins á slysdegi eins og X hafi borið samkvæmt 79. gr. laga nr. 46/1980. Það hafi leitt til þess að engin rannsókn á slysinu hafi farið fram af hálfu Vinnueftirlitsins. Byggir M á því að vegna þessa beri að leggja frásögn hans af tildrögum slyssins til grundvallar í málinu, samanber dómaframkvæmd Hæstaréttar.

Í bréfi V til lögmanns M, dags. 22. mars 2024, og í athugasemdum V til nefndarinnar, dags. 25. apríl 2025, er því hafnað að X beri skaðabótaábyrgð á slysi M. Telur V ósannað að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna X, ófullnægjandi vinnuaðstæðna eða þess að verkstjórn hafi verið ábótavant. Bendir V á að M hafi unnið hjá X frá 2019 og hafi því haft töluverða reynslu af því að vinna á umræddu vinnusvæði. Þá sé það óumdeilt að M hafi komið úr öðru verki til að aðstoða kranastjórnann. Byggir V jafnframt á því að stjórnandi kranans hafi ekki vitað af M. Hvað seina tilkynningu til Vinnueftirlitsins varðar þá telur V að það eigi ekki að hafa áhrif í málinu enda verði ekki séð að hægt hefði verið að sýna fram á nokkuð annað en það sem liggur fyrir í gögnum málsins þó rannsókn hefði farið fram samdægurs.

Í viðbótarathugasemdum M til nefndarinnar, dags. 5. maí 2025, er því mótmælt að M hafi óumbeðinn gripið inn í vinnuferlið. Þá er því jafnframt hafnað að slysið verði rakið til aðgæsluleysis M né að hann hefði átt að gera sér grein fyrir hættunni vegna reynslu sinnar. Þá er því einnig mótmælt að ekki hafi verið þörf á verkstjórn vegna eðlis viðkomandi verks. Að lokum er áréttað að drátturinn sem varð á tilkynningu til Vinnueftirlitsins hafi valdið því að engin rannsókn fór fram. Er þeim rökum V sérstaklega mótmælt að slík rannsókn hefði ekki getað leitt neitt það í ljós sem ekki liggi fyrir í gögnum málsins.

### Álit.

Ágreiningur þessa máls snýr að hugsanlegri skaðabótaábyrgð X á líkamstjóni M. Mögulegur bótaréttur byggir á því að M eigi skaðabótakröfu á hendur X á grundvelli sakarreglunnar eða reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda. Báðar þessar bótareglur gera það m.a. að skilyrði að M takist að sanna að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna sem X ber vinnuveitandaábyrgð á. Í tilvikum vinnuslysa getur þó sú tilkynningarskylda sem hvílir á vinnuveitanda eftir atvikum haft áhrif á það hvaða atvikalýsingu ber að leggja til grundvallar við mat á því hvort um saknæma háttsemi hafi verið að ræða. Í gögnum málsins kemur fram að M byggir á því slysið megi rekja til mistaka samstarfsfélagans, þ.e. kranastjórnans, skorts á skipulagi, verkstjórn og öryggisráðstöfunum, allt atvik sem M telur að hefði mátt fyrirbyggja með réttum vinnubrögðum. Að framan, undir málsatvik, er að finna nánari umfjöllun um rök M fyrir framangreindu.

Í 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum segir eftirfarandi: „Atvinnurekandi skal án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings.“ Það liggur fyrir að X uppfyllti ekki réttilega framangreinda tilkynningarskyldu og að engin rannsókn fór fram af hálfu Vinnueftirlitsins. Nefndin telur að óvinnufærni M í kjölfar slyssins, framangreint brot á tilkynningarskyldu og sú staðreynd að Vinnueftirlitið rannsakaði ekki slysið, hafi gefið X ástæðu til að hlutast til um að málsatvik yrðu nánar upplýst. Það gerði X ekki. Í því mæli sem ágreiningur um málsatvik og vinnutilhögun snýr að atriðum sem ástæða er til að ætla að hefði mátt upplýsa betur með slíkri rannsókn, þar með talið að sjá til þess að vitnisburður þess nafngreinda einstaklings sem í tilkynningu X um slysið til V, dags. 24. febrúar 2023, er sagður hafi verið sjónarvottur að slysinu væri lagður fram í málinu, verður X því að mati nefndarinnar að bera hallann.

Þegar svo háttar til sem að framan greinir og ágreiningur er uppi í máli um atvik máls, getur vanrækslan leitt til þess að frásögn þess sem hefur orðið fyrir tjóni verði lögð til grundvallar í málinu. Nefndin telur að sú sé raunin í tilvikum M. Því beri að leggja frásögn hans um atvik máls, þar með talið um aðstæður á vinnustað, meintan skort á verkstjórn og hver þáttur kranastjórnans var, til grundvallar mati á því hvort bótaskilyrði teljist uppfyllt. Eins og mál þetta liggur fyrir telur nefndin að þetta leiði til þess að fallast beri á að slys M verði rakið til saknæmrar háttsemi sem X beri skaðabótaábyrgð á. M á því rétt á að fá tjón sitt bætt úr ábyrgðatryggingu þeirri sem X er með hjá V.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 25. júní 2025.  
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir